

## Mál nr. 4

### Knattspyrnudeild Fylkis gegn Knattspyrnudeild ÍR

#### *Kæra Fylkis*

1. Leikmaður ÍR Jón Trausti Sölvason kt. 090485-2969 fékk að líta rauða spjaldið í leik Gróttu og ÍR 4. júní 2001. Samkvæmt starfsreglum aganefndar 5.2 grein, sem fjallar um viðurlög við brotum, á viðkomandi leikmaður að fara sjálfkrafa í bann í næsta leik.
2. Umræddur leikmaður tók síðan þátt í næsta leik sem var á móti Fylki 11. júní en hefði þá átt að taka út sitt leikbann.
3. Knattspyrnudeild Fylkis krefst þess að Dómstóll KSÍ taki málið fyrir og breyti úrslitum í leik ÍR – Fylkis í 0-3, samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 4.3 grein sem fjallar um ólöglega skipað lið.
4. Málinu til stuðnings fylgja með þessari kæru eintök af skýrslum úr leikjunum Gróttu – ÍR og ÍR- Fylkir.
5. Að auki voru tveir leikmenn sem skipuðu lið ÍR í leik ÍR og Fylkis sem fengu áminningu, en þeir eru að auki ekki skráðir í ÍR. Þessir leikmenn eru Trausti Björn Ríkharðsson skráður í HK og Gunnar Freyr Róbertsson skráður í Aftureldingu sem er samkvæmt grein 4.3 ólöglega skipað lið og krefst knattspyrnudeild Fylkis þess að Fylkir vinni þennan umrædda leik 3-0.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Fylkis,  
Hörður Guðjónsson íþróttafulltrúi Fylkis

#### *Úrskurður Knattspyrnudómstóls KSÍ*

Ár 2001, fimmtudaginn 28. júní, er dómþing Dómstóls KSÍ, á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli, Reykjavík, af Ásbirni Jónssyni dómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/2001, Knattspyrnudeild Fylkis gegn Knattspyrnudeild ÍR, sem dómtekið var 26. júní síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið höfðaði Knattspyrnudeild Fylkis með kæru dags. 14. júní 2001 á hendur Knattspyrnudeild ÍR. Kærandi kærir leik liðanna í 3. flokki A-lið karla á Íslandsmóti KSÍ sem fram fór þann 11. júní kl. 20:00 á ÍR velli og lauk með sigri ÍR með 4 mörkum gegn 3 mörkum Fylkis.

#### **Dómkröfur kæranda**

Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógild og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 0-3.

Kærandi byggir málatilbúnað sinn m.a. á eftirfarandi:

“Leikmaður ÍR Jón Trausti Sölvason kt. 090485-2969, fékk að líta rauða spjaldið í leik Gróttu og ÍR 4. júní 2001. Samkvæmt starfsreglum aganefndar 5.2. grein sem fjallar um viðurlög við brotum á viðkomandi leikmaður að fara sjálfkrafa í bann í næsta leik. Umræddur leikmaður tók síðan þátt í næsta leik sem var á móti Fylki 11. júní en hefði þá átt að taka út sitt leikbann. Knattspyrnudeild Fylkis krefst þess að Dómstóll KSÍ taki málið fyrir og breyti úrslitum í leik ÍR- Fylkis í 0-3, samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 4.3 grein sem fjallar um ólöglega skipað lið. Málinu til stuðnings fylgja með þessari kæru eintök af skýrslum úr leikjunum Gróttu – ÍR og ÍR- Fylkir.

Að auki voru tveir leikmenn sem spiluðu leik ÍR og Fylkis sem fengu áminningu, en þeir eru að auki ekki skráðir í ÍR. Þessir leikmenn eru Trausti Björn Ríkharðsson skráður í HK og Gunnar Freyr Róbertsson skráður í Aftureldingu sem er samkvæmt grein 4.3 ólöglega skipað lið og krefst knattspyrnudeild Fylkis þess að Fylkir vinni þennan umrædda leik 3-0.”

Við aðalmeðferð málsins féll kærandi frá kröfu sinni um að leikmennirnir Trausti Björn og Gunnar Freyr hafi verið ólöglegir skv. 5. tl. kæru.

### **Dómkröfur kærða**

ÍR krefst sýknu af kröfum kæranda og þar með að úrslit leiksins verði látin standa.

### **Kærði byggir málalíbúnað sinn á eftirfarandi**

“ Samkvæmt bréfi frá Dómstóli KSÍ dagsettu þann 15. júní 2001 er ÍR gefinn kostur á að halda uppi vörnum vegna kæru Knattspyrnudeildar Fylkis vegna þriggja leikmanna sem þeir telja að ekki hafi haft leikheimild í leik ÍR og Fylkis þann 11. júní s.l. Í kærinni kemur fram að leikmaður ÍR, Jón Trausti Sölvason kt. 090485-2969 hafi fengið að líta rautt spjald í leik Gróttu og ÍR þann 4.júní s.l. Í kærinni vísa þeir til þess að samkvæmt starfsreglum aganefndar grein 5.2 sem fjallar um viðurlög við brotum á viðkomandi leikmaður að fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik. Í þessu sambandi benda undirritaðir á eftirfarandi í grein 2.3.5 í reglugerð KSÍ, en þar segir meðal annars: ”Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skal hann rita á skýrsluna hverjir gerst hafa brotlegir við starfsreglur Aganefndar KSÍ. Leikskýrsluna skal setja í póst næsta virka dag eftir leik eða henni komið þann dag á skrifstofu KSÍ...” Leikskýrsla vegna þessa leiks barst KSÍ ekki fyrr en 12. júní s.l. eða degi eftir leik ÍR og Fylkis og átta dögum eftir að leikur ÍR og Gróttu fór fram. Eftir umræddan leik fengu undirritaðir skýrslu leiksins frá dómamanum án þess að dómari leiksins hafi nokkuð skráð á skýrsluna eins og honum ber samkvæmt reglugerðinni og til vitnis um það bendum við á Guðmund Pálsson. Undirritaðir fá síðan hringingu frá starfsmanni Íþóttafélagsins Gróttu þann 12. júní klukkan rúmlega tvö þar sem hún tilkynnir það að dómari leiksins sé að fylla út skýrsluna en það séu nokkur atriði sem hann sé ekki klár á sem kannski er ekkert óeðlilegt þar sem þarna eru liðnir átta dagar frá því leikurinn fór fram. Þau voru að spyrjast fyrir um úrslit leiksins, um hvernig staðan hafi verið í hálfleik og að lokum hverjir hafi skorað mörk ÍR í þessum leik. Við skoðun leikskýrslu er auðveldlega hægt að sjá að dómari hefur ekki skráð niður nokkuð af niðurstöðum leiksins eins og honum ber, skráning markaskorara er eins röng og mögulegt er, ekkert kemur fram hvenær mörk eru skorud eða hvaða leikmenn voru teknir út af eða hverjir komu inn á í leiknum en til gamans má benda á að allir varamenn ÍR komu við sögu í þessum leik án þess að það komi fram á skýrslu dómara.

Í starfsreglum aganefndar KSÍ segir: “Leikmaður sem vísað er af leikvelli skuli sjálfkrafa fara í leikbann sem hér segir...” Hér er hvergi minnst á það að leikbann taki gildi í næsta leik líkt og Fylkismenn vilja halda fram og þar sem skýrsla berst ekki til KSÍ fyrr en eftir umræddan leik teljum við fullsannað að leikmaðurinn hafi haft leikheimild og af þeim ástæðum beri að vísa kæru Fylkis frá og úrslit leiksins skuli standa óbreytt. Þessu til stuðnings tefldum við ekki fram þessum ákveðna leikmanni í næsta leik okkar gegn ÍBV sem fór fram þann 14.júní s.l í Vestmannaeyjum og þessu til stuðnings bendum við á leikskýrslu þessa leiks.

Í fimmta lið kærunnar kemur fram að tveir af leikmönnum ÍR, þeir Gunnar Freyr Róbertsson og Trausti Björn Ríkharðsson hafi ekki haft leikheimild þar sem þeir væru skráðir í önnur félög. Samkvæmt reglugerð KSÍ um félagsskipti leikmanna innanlands kemur fram í þriðju grein: “Leikmenn í 4. aldursflokki karla og 3. aldursflokki kvenna og yngri teljast hlutgengir með því félagi sem þeir leika með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almanaksárinu...” Reglugerð þessi gildir um báða þessa leikmenn, Trausti Björn gekk til liðs við ÍR fyrir sex árum þegar hann var að hefja æfingar og keppni í 5. aldursflokki en Gunnar Freyr gekk til liðs við ÍR fyrir þremur árum þegar hann var að hefja æfingar og keppni í 4. aldursflokki og vísuð við því til sönnunnar í leikskýrslur ÍR síðastliðinna ára. Fram hefur komið í samræðum okkar við forsvarsmenn ÍR vegna þessa máls að þeir séu búnir að gera athugasemdir við þetta án þess að nokkuð hafi verið að gert í þessu af hálfu Knattspyrnusambands Íslands. Af þessum ástæðum teljum við að báðir þessir leikmenn séu með leikheimild með okkar félagi og því eigi að vísa frá kæru Fylkis.

Varðandi leik ÍR og Gróttu þá eru nokkur atriði sem undirritaðir vilja koma á framfæri, dómari leiksins kom ekki fyrr en leikurinn var í þann mund að hefjast sem gerði það að

verkum að óframkvæmanlegt var að gera nokkrar athugasemdir fyrir leik vegna dómara leiksins eins og talað er um í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót grein 4.1 í sambandi við kærur. Undirritaðir gerðu þó athugasemd við forráðamenn Gróttu þar sem dómari leiksins þótti heldur “unglegur” en þeir fullvissuðu okkur um að hann hefði öll tilskilin leyfi til þess að dæma þennan leik og því töldu undirritaðir þetta vera nægjanlegt svar. Samkvæmt upplýsingum frá Knattspyrnusambandi Íslands hefur viðkomandi dómari ekki héraðsdómaraleyfi eins og krafist er í reglugerð KSÍ. Þar sem leikskýrsla hafði ekki borist til KSÍ innan kærufrests þá reyndist það ómögulegt að gera athugasemdir við hana eða senda inn kæru vegna þessa leiks.”

#### **Álit dómsins**

Óumdeilt er að leikmanninum Jóni Trausta Sölvasyni kt. 090485-2969, leikmanni ÍR var vísað af leikvelli í leik Gróttu og ÍR. Með vísan til 5.gr. starfsreglna aganefndar KSÍ tl. 5.2 þá skal leikmaður, sem vísað er af leikvelli, fara sjálfkrafa í leikbann í 1 leik.

Ljóst er samkvæmt orðanna hljóðan að Jón Trausti átti sjálfkrafa að vera í leikbanni í leik ÍR – Fylkis.

Málsástæður kærða sem snúa að skýrslu dómara í leik Gróttu og ÍR, afhendingu hennar til skrifstofu KSÍ eða réttindamál dómarans koma ekki til greina varðandi niðurstöðu máls þessa sbr. grein 4.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Kröfur kæranda eru því teknar til greina í samræmi við skýrt orðalag 1.tl. í grein 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í samræmi við grein 4.3 í sömu reglugerð telst leikur málsaðila tapaður hinu kærða félagi með markatölunni 0 – 3, en hann fór fram þann 11. júní s.l.

Hið kærða félag greiði kr. 5.000,- í sekt sem renni til KSÍ.

#### **Dómsorð**

Leikur milli Knattspyrnudeildar Fylkis og Knattspyrnudeildar ÍR í 3. flokki A-lið karla á Íslandsmóti KSÍ sem fram fór hinn 11.6.2001 telst tapaður Knattspyrnudeild ÍR með markatölunni 0 – 3.

Knattspyrnudeild ÍR greiði kr. 5.000,- í sekt.

Þannig fram farið  
Reykjavík 28. júní 2001  
f.h. Dómstóls KSÍ  
Ásbjörn Jónsson